



FRÉTTABLAÐIÐ



Mikill fjöldi fólks lagði leið sína að eldgosinu í Meradölum í gær þrátt fyrir að svæðinu hefði verið lokað vegna veðurs. Mörg dæmi voru um að fólk væri með börn með í för, væri illa búð og hundsaði tilmæli björgunarsveitafólks og lögreglu um að fara ekki að gosinu. Fjöldi fólks neyddist til að snúa við og aðrir þurftu á aðstoð að halda. **SJÁ SIÐU 2.**

FRÉTTABLAÐIÐ / ANTON BRINK


Þriðjungur heimilanna á ekki afgang

Samkvæmt nýrri könnun safna 10 prósent landsmanna skuldum eða þurfa að ganga á eigið sparifé til að ná endum saman. Staðan er verri á landsbyggðinni en höfuðborgarsvæðinu.

kristinnhaukur@frettabladid.is

FJÁRMÁL Fjárhagur er erfiður hjá þriðjungi heimila samkvæmt nýrri könnun Prósents. Hjá 24 prósentum ná endar með naumindum saman um hver mánaðamót en 10 prósent safna skuldum eða þurfa að ganga á eigið sparifé til að ná endum saman.

Hjá tekjulægsta hópnum, með undir 400 þúsund krónur í laun, eru 77 prósent í þessari stöðu og þar af 46 prósent í mínus.



- Getum safnað talsverðu sparifé
- Getum safnað svolitlu sparifé
- Endar ná saman með naumindum
- Notum sparifé til að ná endum saman
- Söfnum skuldum

43 prósent af þeim sem hafa tekjur á bilinu 400 til 800 þúsund krónur eru á núlli um hver mánaðamót og 15 prósent þeirra í mínus.

Staðan er áberandi verst á Reykjanesi. Þar eru 57 prósent íbúa annað hvort á núllinu eða í mínus um hver mánaðamót. Í heildina litið er fjárhagur heimila verri á landsbyggðinni en á höfuðborgarsvæðinu, og er munurinn 8 prósent. Í tveimur landshlutum mældist fjárhagurinn þó betri en á höfuðborgarsvæðinu, það er á Vesturlandi og Austurlandi.

Munurinn á fjárhagsstöðu eftir kynjum mældist ekki jafn mikill og munurinn eftir búsetusvæðum. Fleiri konur eru þó í fjárhagserfiðleikum og er sá munur 3 prósent.

Nærri helmingur svarenda könnunarinnar, það er 49 prósent, sögð-

ust geta safnað svolitlu sparifé um hver mánaðamót. 16 prósent sögðust geta safnað talsverðu sparifé.

Af þeim sem eru í efsta tekjuhópnum, með heimilistekjur upp á 1,5 milljón krónur eða meira, eru 88 prósent með afgang um hver mánaðamót, 42 prósent talsverðan.

Þegar litið er til aldurs er fólk á aldrinum 55 til 64 ára í bestri stöðu. 77 prósent þess á afgang um hver mánaðamót. Staðan er áþekk í öðrum aldurshópum nema þeim yngsta, 18 til 24 ára. Þar voru fáir á núllinu um hver mánaðamót en margir sem annað hvort geta safnað talsverðu sparifé eða skuldum.

Könnunin var netkönnun framkvæmd 28. júlí til 4. ágúst. Úrtakið var 1.750 og svarhlutfallið 53,5 prósent. ■

Kísilskortur í hafi ógnar lundanum

UMHVERFISMÁL Sérfræðingar hafa vanmetið líftölur íslenska lundans, ef marka má niðurstöður umfangsmikilla endurútreikninga síðan í vor.

Þá bendir margt til þess að kísilskortur í hafi seinki tímasetningu vistkerfa sem leiðir til hruns í stofnum sem treysta á rauðátuna, sem nærast á kísilþörungum. **SJÁ SIÐU 4**



Dr. Erpur Snær Hansen, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðurlands

Alrafmagnaður Ⓢ

ID.5 GTX

Fjór hjóladrífinn fjölskyldubíll

Verð frá **7.690.000 kr.**

H Hekla Laugavegi 174, 105 Rvk. www.hekla.is/id5



Besta veðrið fyrir austan

sigurjon@frettabladid.is

VEÐUR Nú fer sumarfrí að líða undir lok hjá mörgum og því margir á faraldsfæti þessar síðustu vikur af sumrinu. Besta veðrið í vikunni og komandi helgi verður austanlands, að sögn Þorsteins V. Jónssonar, veðurfræðings á Veðurstofu Íslands.

„Það verður líklegast best að vera fyrir austan ef fólk vill losna við rigninguna, þó að menn verði ekki alveg lausir við hana. Hitinn verður í kringum tuttugu stig víða fyrir austan,“ segir hann.

Vestlæg átt verður ráðandi á



Hitinn verður í kringum tuttugu stig víða fyrir austan.

Þorsteinn V. Jónsson

komandi dögum, að sögn Þorsteins. Hann segir Suður- og Vesturland þá helst muna finna fyrir vætu.

„Það verður áfram frekar milt veður, það er ekki að sjá neinn kulda. Það er þessi lægðagangur sem kemur hérna á okkur með tilheyrandi vætu á vestanverðu landinu en það verður finasta veður fyrir austan,“ segir Þorsteinn. ■

Sigt um Faxaflóa



Þó að ekki hafi viðrað vel til fjallgöngu í gær og gossvæðinu í Meradölum hafi verið lokað, var finasta veður til siglinga. Þessir sæfarar nýttu vindinn og skemmtu sér á siglingu um Faxaflóa. Í bakgrunni má sjá listaverkið Þúfu sem stendur við Norðurgarð í Örfirisey og er eftir Ólöfu Nordal. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Margir á lokuðum gosstöðvunum í gær

sigurjon@frettabladid.is

ELDGOS Fjöldi fólks sótti gosstöðvarnar í gær þrátt fyrir að svæðið hafi verið lokað. Björgunarsveitarhópar björguðu um tíu manns sem höfðu hringt í neyðarlínuna og óskað eftir aðstoð.

„Það var hundleiðinlegt veður og svartapoka og þau höfðu villst á leiðinni. Það var enginn slasaður en fólk var orðið kalt, blautt og rammvillt,“ segir Davíð Már Bjarnason, upplýsingafulltrúi Landsbjargar.

Ekki er vitað hversu margir gengu að gosstöðvunum í gær en Davíð segir að þónokkur umferð hafi verið að svæðinu.

„Þarna voru margir erlendir ferðamenn, sem eru þá kannski ekki meðvitaðir um hætturnar og stöðuna á



Margir lögðu leið sína að gosstöðvunum í Meradölum þrátt fyrir lokun vegna veðurs. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

lokunum og veðri, við getum gert betur í að tryggja að allir séu vel upplýstir,“ segir Davíð.

Hann segir margt mega lærast af síðasta gosi. „Á endanum var farið í það að hafa landverði á staðnum til að upplýsa fólk og kynna því hætturnar, ég held það gæti gefist vel.“ ■

Hefta lúpínu til að varðveita líffræðilegan fjölbreytileika

Félagið Fjallabati hefur að markmiði að halda aftur af útbreiðslu lúpínu á miðhálandinu og öðrum viðkvæmum gróðursvæðum. Fram undan er átak á Emstrum.

gar@frettabladid.is

NÁTTÚRA „Okkur finnst mjög gleðilegt hvað við erum víða að fá jákvæð viðbrögð við þessum aðgerðum,“ segir Ingibjörg Eiríksdóttir, annar forvígismanna félagsins Fjallabata sem fæst við að hefta útbreiðslu lúpínu á miðhálandinu og víðar.

Ingibjörg ásamt Geirmundi Klein sendi nýverið fyrir hönd Fjallabata bréf til Rangárpings eystra þar sem verkefni félagsins eru kynnt. Þar segir að þau hafi, ásamt fleirum, að eigin frumkvæði unnið að heftingu útbreiðslu lúpínu að Fjallabaki, á Sprengisandi, á Tungnaáröræfum og á Kili og einnig á Heklusvæðinu.

Þau segjast vinna að því hefta útbreiðsluna á Emstrum að Fjallabaki syðra og víðar og hafi í sumar fengið styrki frá Landgræðslunni, Landsvirkjun og Náttúruverndarsamtökum Suðurlands.

Markmiðið segir Ingibjörg vera að hefta frekari útbreiðslu lúpínnar á hálandinu til lengri tíma litið.

„Af góðum hug var hvatt til dreifingar plöntunnar á sínum tíma, en reynslan hefur sýnt að þessi annars duglega landgræðslujurt á ekki alls staðar við og hopar seint eða jafnvel ekki í gljúpum eldfjallajarðvegnum hérlandis,“ segir í bréfinu til Rangárpings eystra.

„Alaskalúpína er ágeng, framandi tegund sem veldur, eða líklegt er að valdi, rýrnun líffræðilegrar fjölbreytni. Með hækkandi lofthita



Fólkið að baki Fjallabata hefur lengi unnið að því að hefta útbreiðslu lúpínu á svæðum þar sem hún ógnar öðrum gróðri. MYND/ADSEND



Ingibjörg Eiríksdóttir í Fjallabata

hefur hún í auknum mæli náð að sá sér á hálandinu á undanförunum árum, sem er alvarlegt mál með tilliti til þess að hún hörfar almennt ekki fyrr en vistkerfinu hefur verið breytt,“ segir í bréfi Fjallabata.

Á hálandinu hafi tekist að halda aftur af frekari dreifingu lúpínu með markvissum aðgerðum á um tuttugu smærri reitum. Í Hattafellsgili og Mosum á Emstrum séu breiðurnar þó nokkuð umfangsmiklar.

Benda þau Geirmundur og Ingibjörg á að samkvæmt náttúruverndarlögum sé bannað að dreifa lúpínu á friðlýstum svæðum, í

landslagsgerðum sem njóti sérstakrar verndar og ofan 400 metra yfir sjávarmáli.

„Reynsla sumarsins 2022 verður notuð til skýrari mótunar áætlunar til lengri tíma, sem lögð verður til grundvallar áframhaldandi vinnu komandi ára. Við höfum þegar hafið slátt með fram læknum í Hattafellsgilinu, en forgangsatríði er að hreinsa lúpínuna frá straumvatni,“ segir Fjallabati í bréfinu. Ætlunin sé að reyna að meta árangur af mismunandi aðferðum við eyðinguna. Mikill áhugi sé á að reyna beit í afmörkuðum reitum.

Ingibjörg leggur áherslu á það í samtali við Fréttablaðið að lúpína geti sannarlega víða gert gagn á sumum stöðum sem landgræðslujurt. „En það er áriðandi að hugsa til enda að hún verður ekki svo auðveldlega heft. Ástandið í Hattafellsgili á Emstrum var orðið mjög krítiðskt. Þetta er svæði á náttúru-minjaskrá,“ bendir hún á. ■

OMEGA-3 COLLAGEN

HREIN ÍSLENSK FÆÐUBÓT

HJARTA OG ÆÐAKERFI



Í POKUM FYRIR LÁGMARKS KOLEFNISSPOR

ARCTIC HEALTH

AHL.IS

HAFÐU AKU MEÐ Í VALINU



AKU skórnir
eru framleiddir
á Ítalíu úr 100%
evrópskum íhlutum
og efnum

Superalp GTX

42.990 kr.

Aukin mýkt við ökkla



Gore-Tex filma,
100% vatnsvörn

2mm gúmmíborði
(grjótvörn) sem hentar
vel í íslensku hraunlendi

Dempun

IMS: Kerfi sem gefur
aukna mýkt niður í sólann

AKU Exoskeleton,
innan- og utanfótarstuðningur

Náttúruvænt hágæða
leður, LWG vottað

Reimalæsing, sitthvor
stillingin fyrir rist og ökkla

Rúllukefli sem heldur
jafnri spennu á reimum

2,6mm eka ítalskt
Nubuck leður

Custom fit innlegg

Vibram sóli

Stingum af...



AKU Alterra GTX ♂
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Alterra GTX ♀
Gönguskór með góðan stuðning
35.990 kr.



AKU Tribute II GTX ♂ ♀
Léttir og liprir gönguskór
28.990 kr.

GG SPORT



Í vefverslun okkar á ggsport.is má finna meira úrval af góðum skóm og öllu sem þarf í ævintýrið þitt!



@ggsport.is



@gg_sport

Smiðjuvegur 8, græn gata • 200 Kópavogi • Sími: 571-1020 • ggsport.is
Opnunartími: Virkir dagar 10:30-18, laugardagur 11-15

Telja mikla örplastmengun frá sjókvíum á Vestfjörðum

gar@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Jón Kaldal, talsmaður Íslenska náttúruverndar-sjóðsins, segir mælingar sýna að sjókvíaeldislax fái mikið af örplasti með föðri sem blásið sé í kviarnar um plaströr.

„Við blásturinn losna plastagnir sem berast með föðrinu í kviarnar, enda áhrifin líkt og af sandblæstri,“



Á Akureyrarflugvelli.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÞJETUR

easyJet skoðar flug til Akureyrar

gar@frettabladid.is

SAMGÖNGUR Breska flugfélagið easyJet hefur samkvæmt heimildum Fréttablaðsins verið með til skoðunar að taka upp áætunarflug milli Englands og Akureyrar í vetur.

Í gær fengust hvorki svör frá easyJet sjálfu né danska fyrirtækinu Airport Coordination, sem annast úthlutun lendingartíma á milli-landaflugvöllum á Norðurlöndunum og í Lettlandi og Litáen að auki.



Að sögn Grettis Gautasonar, staðgengils upplýsingafulltrúa Isavia, hefur erindi vegna hugsanlegs flugs easyJet ekki borist fyrirtækinu.

Að sögn Grettis Gautasonar, staðgengils upplýsingafulltrúa Isavia, hefur erindi vegna hugsanlegs flugs easyJet ekki borist fyrirtækinu.

Fyrr í sumar þurfti hið íslenska að hætta farþegaflugi sínu milli Akureyrar og London þar sem flugmála-yfirlönd í Bretlandi sögðu skilmála fyrir slíku flugi ekki uppfyllta. ■

segir Jón. „Við bárum saman þyngd nýrra og notaðra röra úr sjókvíaeldi hér við Ísland. Notað röð er um 100 grömmum léttara á hvern metra en nýtt röð.“

Mælingar í Noregi sýna, að sögn Jóns, sömu rýrnun á notuðum rörum. Á hverju eldissvæði séu að minnsta kosti tveir til fimm kílómetrar af plaströrum. Varlega áætl- að segir Jón að frá kvíastæði með



Jón Kaldal, talsmaður Íslenska náttúruverndar-sjóðsins

3,5 kílómetra afrörum losni um 350 kíló af örplasti á ári, eingöngu vegna föðurröranna.

„Er þá ekki talin með önnur gríðarleg plastnotkun í þessum iðnaði. Til dæmis eru netapokarnir í sjókvíunum úr plastefnum, en dæmi-gerður slíkur poki er 160 metrar að ummáli og 40 metra djúpur og á hverju eldissvæði geta verið tíu sjókvíar,“ segir Jón. Á Vestfjörðum

séu nú níu sjókvíaeldissvæði. Frá þeim berist að minnsta kosti um 3.150 kíló af örplasti á ári.

„Örplast hefur afar skaðleg áhrif á sjávarlífverur. Rannsóknir sýna að það teppir meltingarfæri þeirra og veldur bólgu. Í mars 2022 greindu vísindamenn í fyrsta sinn örplast í mannsblóði,“ segir Jón Kaldal. Ekki sé boðlegt að plast berist í eldis-laxinn. ■

Kísilskortur veikir lífslíkur lundans

Líftölur lunda við Íslands-strendur eru hærri en hingað til hefur verið talið. Margt bendir til að kísilskortur í hafi kunni að hafa mikil áhrif á tímasetningu vistkerfa.

ninarichter@frettabladid.is

UMHVERFISMÁL Dr. Erpur Snær Hansen, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðurlands, segir íslenska sérfræð-inga hafa vanmetið líftölur lundans fram að þessu, samkvæmt niður-stöðum útreikninga síðan í vor.

„Ég fékk sérfræðinga til að fara yfir þetta og þeir leiðréttu fyrir fugla sem fara úr kerfinu en eru ekki endilega dauðir. Þá hækkaði talan um tvö prósent, sem er svolítið mikið.“

Erpur segir að nú standi yfir endurreikningur á öllum merkingum, eitthvað sem aldrei hefur verið gert áður. „Við erum að vonast til að fá út hvað hefur gerst í þessum stofni síðustu 50 árin, mjög nákvæmlega.“

Að sögn Erps koma heit sjávar-hitaskeið á um það bil 35 ára fresti. „Sílu fækkar við þetta og þá fáum við mikið bakslag í ungaframleiðslu lunda,“ segir Erpur og rétt er að geta þess að síli eru aðalfæða lundans. Kísilþörungar nærast á kísil, og eru mikilvæg fæða rauðátu sem aftur er aðalfæða síla og seiða margra ann-arra tegunda.

„Svo uppgötvuðum við annan áhrifaþátt í vor, sem er kísilskortur í hafinu. Tilgátan er að skorturinn valdi gríðarlega miklum breyting-um á öllu kerfinu en þeir eru fyrstir í svokölluðum vorblóma. Við það hrynja þessir stofnar sem treysta á að fæðuframboð rauðátu sé á réttum tíma. Ef það er litill kísill í hafinu þá detta kísilþörungarnir út. Þeir eru fyrstir í blóma, og þá seinkar kerf-inu.“

„Kvikindi eins og síli treysta á að allt gerist á réttum tíma. Ef allt gerist tveimur til þremur vikum seinna, þá drepast seiðin úr hungri.“



Endurreikningur á gögnum um líftölur lunda við Íslandsstrendur benda til þess að hann standi betur en áður var talið. Það er fagnaðarefni á sama tíma og áhrif kísilskorts í hafi valda áhyggjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



Þetta er ekki bara lundinn heldur humarinn og fleiri tegundir sem treysta á kísilinn.



Dr. Erpur Snær Hansen, líffræðingur hjá Náttúrustofu Suðurlands

Aðspurður hvað hafi áhrif á kísil-magnið svarar Erpur: „Við vitum það ekki alveg. Mælingar sýna þetta útslag mjög sterkt, en það er akkúrat þarna sem við sjáum lundavarpinu seinka um sautján daga, sem er gríðarlega mikið. Ofan á þetta koma hitastigsáhrif. Við erum nýbúin að uppgötva þetta, og ekki búin að gefa það út. Þetta er mjög merkilegt.“

Erpur segist telja að þetta sé í fyrsta sinn sem vísindamenn sjá næringarefni af þessu tagi stjórna tímasetningum á vistkerfum. „Þetta er ekki bara lundinn heldur humarinn og fleiri tegundir sem treysta á kísilinn. Þeir hafa fengið lélega nýliðun síðan 2003.“

Hann segir Íslendinga búa yfir mjög góðum gögnum um lunda-varp, raunar langbestu gögnin af öllu tagi. „Við erum búin að merkja

svo mikið af pysjum yfir 80 ára tímabil,“ segir hann. „Við höfum merkt hundruð ef ekki þúsundir á hverju ári.“

Að sögn Erps eru ekki til sam-bærileg gagnasett yfir lunda í heiminum. Afordum hans að dæma hefur tímasetning á lundavarp-ferlinni verið almennt stöðug í gegnum áratugina.

„Alveg frá stríðinu er þetta adeins að rokka til í tíma. Við fáum nákvæma dreifingu á tímasetningu varptímans fyrir hvert einasta ár.“

Hann segir kúrfuna hafa færst verulega til árið 2003. „Þá færist normalkúrfan allt í einu um eitt staðalform, sem er rosalega mikið. Varpinu seinkar í tíma og helst þannig til ársins 2015, og þá fer kísillinn að aukast og varptíminn færist til baka.“ ■

RAFMAGNAÐUR OG VATNSHELDUR

Farðu yfir ár og vötn af festu og öryggi með Jeep® Wrangler Rubicon Plug-In Hybrid. Rafmagnaður kraftur hvert sem leið þín liggur.

5

ÁRA ÁBYRGÐ

8

ÁRA ÁBYRGÐ Á DRIFRAHLOÐUNNI

PLUG-IN HYBRID

EIGUM BÍLA TIL AFHENDINGAR STRAX!



ISBAND

ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBAER • S. 590 2300
ÓPIÐ VIRKA DAGA 10-17 • LOKAÐ LAUGARDAGA



JEEP.IS • ISBAND.IS



Markaðstorg til sunnudags

**Komdu og upplifðu sannkallaða
markaðsstemningu á sjálfsafgreiðslulagernum
þar sem þú getur gert frábær kaup á fjölbreyttu
úrvali af smávörum og húsgögnum!**

Verslun opin **11-20** alla daga - [IKEA.is](https://www.ikea.is)



Borgar sig ekki að færa þrjú af fjórum húsum á Seyðisfirði í skriðuhættu

kristinnhaukur@frettabladid.is

AUSTURLAND Aðeins eitt af húsum fjórum sem Múlaþing og Ofanflóðasjóður keyptu af fólki við Stöðvarlæk eftir skriðuföllin á Seyðisfirði í desember árið 2020, verður fært á öruggt svæði. Ekki er þó enn kominn kaupandi að húsinu. Þá hefur ekki verið tekin ákvörðun um hvað verður gert við hin þrjú.

„Það er óvíst hvort hin húsín séu í ástandi til flutnings,“ segir Björn Ingimarsson, sveitarstjóri Múlaþings. Vinnuhópur var settur í að meta hvað skyldi gert við húsín og er færslan nú í undirbúningi.

Heimastjórn Seyðisfjarðar hefur lýst yfir áhyggjum af því að húsín standi vannýtt, en Björn segir að sveitarstjórn muni ræða við heima-
stjórnina um framtíð húsanna, sem standa við Hafnargötu 40b, 42, 42b og 44b. Eru þetta eldri hús sem meðal annars hafa verið löguð með styrkjum frá Minjastofnun.

„Það má nýta húsnæðið sem geymslu en ekki sem íverustað,“ segir Björn en sveitarstjórn bannaði búsetu eftir frumathugunarskýrslu Veðurstofunnar snemma árs 2021.

Húsín fjögur voru keypt af ein-

”

Það má nýta húsnæðið sem geymslu en ekki sem íverustað.



Björn Ingimarsson sveitarstjóri Múlaþings

staklingum og annað hvort notuð sem heimili, sumarhús eða sem gistirými á Airbnb. Björn segir að hlutur Múlaþings hafi verið hærri en Ofanflóðasjóðs þar sem sveitarfélagið hafi ekki viljað greiða undir fasteignamati fyrir húsín en Ofanflóðasjóður markaðsverð, sem hafi verið lægra. ■

Ísland ekki aðili að samevrópsku skirteini sem eykur réttindi fatlaðs fólks

kristinnhaukur@frettabladid.is

FÉLAGSMÁL Evrópusambandið hyggst taka upp samræmd skirteini fyrir fatlað fólk, til að einstaklingar geti nýtt sér friðindi milli landa. Hér á Íslandi eru engin innlend skirteini lengur, sem eru forsenda þess að hægt sé að gerast aðili að samstarfinu.

„Ávinningurinn af þessum samevrópsku skirteinum er fyrst og fremst fölginn í auknu aðgengi fatlaðs fólks á ferðalögum,“ segir Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður Öryrkjabandagsins. Þar sem aðgangur að þjónustu eða sérstökum kjörum, til dæmis í almenningsamgöngum eða afþreyingu, er í boði fyrir heimamenn, væri hann einnig í boði fyrir Íslendinga.

Skirteinið hefur verið í prufukeyrslu í átta ríkjum og hefur gefið góða raun. Verður það tekið upp í öllum löndum í lok næsta árs.

Öryrkjabandalagið hefur ekki upplýsingar um hvort EES-ríki geti verið aðilar að skirteinunum, en eins og staðan er núna er það útilokað fyrir Ísland. Forsenda þess að Íslendingar geti fengið skirteini er að innlend skirteini séu til staðar

”

Ávinningurinn af þessum skirteinum er fyrst og fremst fölginn í auknu aðgengi fatlaðs fólks á ferðalögum.



Þuríður Harpa Sigurðardóttir, formaður ÖBÍ

en svo er ekki. „Tryggingastofnun hætti útgáfu þeirra fyrir nokkrum árum og við höfum þrýst á að þau verði gefin út á ný. Það er ekki eingöngu vegna þessa máls, heldur er það líka mikið réttindamál fyrir fatlað fólk svo það hafi aðgang að þeim sérkjörum sem stofnanir og fyrirtæki hafa ákveðið að bjóða okkar fólki,“ segir Þuríður. ■



Taivánski herinn undirbýr sig undir stríð en segist þó ekki sækjast eftir því.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hernaðaræfingar Kínverja halda áfram við Taívan

Hernaðaræfingar Kínverja við strendur Taívan virðast engan enda ætla að taka. Í gær hélt kínverski herinn hernaðaræfingum sínum áfram og í þetta skipti eru æfingarnar ekki skipulagðar fyrir fram, heldur hefur ríkisstjórn Kína ekkert gefið upp um hvenær æfingunum muni ljúka.

sigurjon@frettabladid.is

KÍNA Fjögurra daga hernaðaræfingar kínverska hersins hófust við strendur Taívan á fimmtudeginum í síðustu viku, kínverska ríkisútvarpið sagði æfinguna vera „mikilvæga hernaðarlega.“ Að sögn yfirmanna í kínverska hernum eru æfingarnar svar við heimsókn Nancy Pelosi, forseta fulltrúadeildar Bandaríkjaþings, til Taívan í upphafi síðustu viku. Kínverjar höfðu hótad tilheyrandi viðbrögðum ef hún myndi heimsækja ríkið.

Stjórnvöld í Taívan hafa lýst því yfir að þau undirbúi herinn fyrir stríð en þau segjast þó ekki sækjast eftir stríði, enda er kínverski herinn margfalt stærri en sá taivánski. Um tvær milljónir manna eru í kínverska hernum, samanborið við um hundrað og sjötíu þúsund manns í taivánska hernum.

Með heimsókn sinni varð Nancy Pelosi æðsti embættismaður til þess að heimsækja Taívan í tuttugu og fimm ár, en forseti fulltrúadeildar

Bandaríkjaþings er þriðja valdamesta manneskjan í bandaríska valdapyramídanum.

Árið 1949 flúðu þjóðernissinnar frá Kína til eyjunnar Taívan eftir ósigur í borgarastyrjöld gegn kínverska kommúnistaflokknum, sem hefur verið við völd síðan þá. Stjórnvöld í Taívan telja sig stjórna hinu eina sanna Kína, enda er formlegt heiti ríkisins Lýðveldið Kína, nafnið Taívan er þó oftast notað til þess að vísa til ríkisins en „Kína“ er notað til þess að vísa til Albýðulýðveldisins Kína á meginlandinu.

Fá ríki viðurkenna sjálfstæði Taívan, einungis þrettán ríki gera það. Vatíkanið er eina Evrópuríkið sem viðurkennir sjálfstæði þess og Bandaríkin gera það heldur ekki formlega, þrátt fyrir mikinn stuðning í gegnum tíðina, þá einna helst hernaðarlegan stuðning.

Taívan er tæplega tvö hundruð kílómetra frá ströndum meginlands Kína og opinber stefna stjórnsvalda í Kína er sú að Taívan skuli lúta stjórn Kínverja fyrir árið 2049, friðsamlega eða með afli. Taívan er hernaðarlega mikilvægt fyrir Kína, þrátt fyrir þær yfirlýsingar stjórnsvalda að sameining Kína og Taívan sé einungis friðsamleg.

Forseti Taívan, Tsai Ing-wen, kallaði eftir því að alþjóðasamfélagið myndi „styðja lýðræðislegt Taívan. G7-hópurinn, hópur sjö helstu iðnríkja heims, hefur fordæmt æfingar kínverska hersins, en það leiddi til

»

Stjórnvöld í Taívan hafa lýst því yfir að þau undirbúi herinn fyrir stríð en segjast þó ekki sækjast eftir stríði.

þess að kínversk stjórnvöld aflýstu fundi sem utanríkisráðherrar Kína og Japans stefndu á að halda í lok síðustu viku. Stjórnvöld í Kína hafa einnig tilkynnt viðskiptaþvinganir gegn Pelosi, ekki hefur enn verið tilkynnt hvers eðlis þær eru en slíkar þvinganir eru oftast en ekki táknrænar.

Þá hafa Kínverjar einnig dregið sig út úr samstarfi við Bandaríkin um loftslagsmál, en ríkin eru tvö mest mengandi ríki á jörðinni. Árið 2014 komust þau að samkomulagi um að draga úr mengun, en sá samningur var talinn vera einn mikilvægasti samningur í sögu loftslagsmála.

Stjórnvöld í Kína og her þeirra hafa hunsað áköll eftir því að minnka spennuna á svæðinu og hafa ekki gefið neinar yfirlýsingar um hvernig framhaldið verður, hvort þau muni halda áfram hernaðaræfingum eða ekki. ■

Vopnahlé á milli Ísraelshers og íslamska jíhads heldur á Gasa

thorgrimur@frettabladid.is

PALESTÍNA Vopnahlé tók gildi milli Ísraelshers og vígahópsins Íslamsks jíhads í Palestínu (PIJ) á sunnudagskvöld. Meiriháttar átök höfðu hafist á Gasaströndinni á föstudaginn þegar Ísraelsher gerði loftárásir á byggingu í miðborg Gasa. Árásin var hluti af svokallaðri „dagrenningaraðgerð“ sem gerð var til að ráða niðurlögum Taysirs al-Jabari, liðsforingja í hernaðarvæng PIJ. Auk hans létust að minnsta kosti átta í árásum, þar á meðal fimm ára gömul stúlka.

Ísraelar héldu áfram árásum á skotmörk yfir helgina og Palestínumenn svöruðu fyrir sig með eldflaugaárásum á ísraelskar borgir. Á sunnudagskvöld gaf heilbrigðis-

»

Heilbrigðisráðuneyti Gasa gaf það út á sunnudagskvöld að alls hefðu 44 látist í átökunum, þar af fimmtán börn.

ráðuneyti Gasa út að alls hefðu 44 manneskjur látist í átökunum, þar á meðal 15 börn. Þá hafi rúmlega 300 manns slasast.

Ekki hefur verið tilkynnt um að neinir Ísraelar hafi látist í gagn-



Syrjandi Palestínumenn bera lík hinna látnu í útfararathöfn í Jabalia-flóttamannabúðunum í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

árásum. Ísraelski herinn segist hafa hæft 170 skotmörk tengd PIJ í aðgerðinni, drepði nokkra háttsetta leiðtoga í samtökunum og eytt hluta af vopnabúri þeirra.

Talsmaður hersins, fylkishershöfðinginn Ran Kochav, sagðist hafa fengið upplýsingar um alls 35 dauðsföll í Palestínu. Þar af hefðu 11 óbreyttir borgarar dáíð í árásum Ísraelshers. Hins vegar staðhæfði Kochav að fleiri palestínskir borgarar hefðu látist í gagnarásum Palestínumanna, alls 15. Dauðsföllin mætti rekja til eldflauga sem PIJ hefði skotið en hefðu hrapað inni á Gasaströndinni án þess að drífa til Ísraels.

Ísraelar og Palestínumenn þökkðu Egyptum fyrir milligöngu þeirra við að semja um vopnahléið. ■

Parki
INTERIORS

Harðparket

Parki býður upp á mikið úrval af hágæða harðparketi frá heimspektum birgjum.

Vandaðu valið og veldu umhverfisvænt, slitsterkt og vatnspolið harðparket frá Parka.

Komdu við í sýningarsal okkar að **Dalvegi** og ræddu við sérfræðinga Parka og fáðu faglega ráðgjöf.

Krono
Original
High Quality

MEISTER

Parki
INTERIORS

Dalvegi 10-14
201 Kópavogi
595 0570



Finndu okkur á **Facebook!**
facebook.com/Parki.interiors



parki.is



Brjóst á biðlista



Björk
Eidsdóttir
bjork
@frettabladid.is

Hinsegin dagar náðu hámarki með Gleðigöngu um miðbæ Reykjavíkur á laugardaginn. Eftir tveggja ára hlé á göngunni og umræðu um bakslag í réttinda-baráttu hinsegin fólks var blásið til allsherjar veislu og stútfullar götur miðbæjarins báru samstöðunni fagurt merki.

Margskonar hópar fögnuðu fjölbreytileikanum með því að taka þátt í göngunni undir fánum og slagorðum til stuðnings mannréttindum hinsegin fólks. Sláandi slagorð eins hópsins vöktu sérstaka athygli, hópsins sem hefur hvað mest átt undir högg að sækja í baráttunni undanfarin ár, trans fólks.

Þessi slagorð snéru að biðlistum eftir aðgerðum í kynleiðréttingarferli sem lengdust talsvert á Covid-tímum og eru nú um eitt og hálft ár. Skilti með orðunum: „Þessi brjóst eru enn á biðlista!“ í höndum einstaklings með ber brjóstin, brjóst sem viðkomandi vill ekki, raungerðu ástandið fyrir þeim sem á gangstéttum stóðu til að sýna stuðning í verki. En undir lok síðasta árs voru þrettán einstaklingar á biðlista eftir brjóstnámi, átján biðu gerðar legganga og einn reður-uppbyggingar. En orðin: „Biðlisti sem stýttir sig sjálfur!“ af næsta kröfuskilti víkja ekki úr huga mér. Skuggalega skýr skilaboð. Fólk hreinlega gefst upp.

Fyrir nokkrum árum tók ég viðtal við þjóðþekktu konu þar sem eitt umræðuefna var sú staðreynd að barn hennar hefði komið út sem trans kona. Þegar ég spurði hana hvernig þau hjónin hefðu tekið því að einkabarn þeirra væri trans svaraði hún að í þeirra huga væri þetta ekki flókið – baráttan snerist um að halda lífi í barni þeirra.

Auðvitað getur verið erfitt að skilja það sem er framandi og sjálfri finnst mér trans umræðan oft ákveðið torf. En það er svo margt sem ég skil ekki, ekki skil ég skammtafræði, hvernig hægt er að privíddarprenta líffæri eða skjóta mannaðri geimflaug til tunglsins! En það skiptir ekki máli að ég skilji það ekki – það er til fólk sem skilur þetta allt.

Lokamarkmiðið hlýtur alltaf að vera að koma í veg fyrir ónauðsynlega þjáningu. Persónulega er mér sama hver kynhneigð eða kynvitund fólksins í kringum mig er; hvort það skilgreinir sig sem dulkynja, flæðigerva eða frjálsgerva – en mér er ekki sama hvort þetta fólk þjáist.


Til þess að koma í veg fyrir það þurfum við að átta okkur á því að kynleiðréttingaraðgerð er ekki valkvæð aðgerð eins og að láta laga slappan maga eða stór nef. Hún er lífsbjargandi aðgerð og þolir enga bið! ■



MANIC PANIC
Hárskolin fást hjá okkur

Hokus Pokus
www.hokuspokus.is
Verslun og vefverslun
Laugavegi 69 S. 551-7955

Halldór



Frá degi til dags

ser@frettabladid.is

Snjóþyngsli

Með öllu þykir óvíst hvort sumarið hafi skilað sér til Íslands í ár. Öðru hvoru hefur þó sést til sólar, en þrálátar norðanáttir hafa gert það að verkum að sú gula hefur ekki náð að hita landið upp svo nokkru nemur. Klæðnaður landsmanna er eftir þessu þykkur og marglaga – og hefur á stundum verið nauðsyn að klæða sig í segl sakir gegndarlausra rigninga ofan í norðanþræsinginn og snjókomuna víða um land. Raunar hefur landið náð að rísa undir nafni svo til alla þessa árstíð, svo sem á þeim vinsæla ferðamannastað sem Askja er inn til Dyngju fjalla, en elstu menn í Drekkaskálunum þar um slóðir muna ekki snjóþyngra sumar.

Frostmark

Sumarið hefur verið svo vont fyrir norðan að jafnvel Akureyringar eru farnir að segja sannleikann um eyfirska ógeðisveðrið sem þar hefur tekið sér bólfestu svo vikum skiptir. Fyrir austan hefur þetta líka verið auma sumarið, en hitinn var við frostmark á Seyðisfirði á sunnudag, nánar til tekið núll gráður. Og ekki er þetta skárri fyrir vestan, en frést hefur af gönguhópi sem ætlaði að spóka sig um í Aðalvíkinni um næstu helgi, en hefur hætt við þá ferðina sakir langvarandi rigningarspár í á að gíska fimm stiga hita. ■

Þeir drepa börn



Hjálmtýr
Heiðdal
formaður
Félagsins Ísland –
Palestína

„Hryðjuverkaríkið Ísrael er orðið alvarlegt vandamál og á eftir að versna ... Ógnanir eru nefnilega eina umgengnisvenjan, sem Ísraelsríki kann.“

Þessi orð skrifaði Jónas Kristjánsson ritstjóri árið 1988.

Atburðir síðustu daga sýna að orð ritstjórans hafa staðist tímans tönn.

Í sautján ár hafa Gazabúar búið í herkví Ísraels hers, á þessu tímabili hefur her Ísraels gert fjölmargar árásir á innilokaða íbúa Gazastrandarinnar og drepði þúsundir og sært tugþúsundir.

Á Gaza, sem er að stærð um 1/3 Reykjanes-skagans, búa tvær milljónir Palestínumanna, um helmingur þeirra eru börn undir átján ára aldri, börn sem aldrei hafa upplifað frið en búa við stöðugar ógnir frá Ísrael.

Frá árinu 2000 hefur Ísraelsher drepði 2.225 palestínsk börn, þar af 556 árið 2014 og 29 það sem af er þessu ári.

Barnamorð Ísraels eru gerð í skjóli frá helstu ríkjum Vesturlanda sem veita bæði fé til hernaðar og vernd frá refsiaðgerðum.

Ríkisútvarpið segir okkur að þarna séu átök milli „deiluaðila“. Morðárás sem einn af öflugustu herjum samtímans gerir á innilokað og vopnlaust fólk er ekki deila eða átök – barnamorðin eru ekki deila eða átök – þetta eru morð – barnamorð.

Stefanie Fox, framkvæmdastjóri friðarsamtaka gyðinga (Jewish Voice for Peace), skrifar: „Hin hömlulausa grimmd gegn Palestínumönnum af hálfu ísraelska hersins – með fjármögnun, stuðningi og vörnum bandarískra stjórnvalda – er skelfileg í grimmd sinni og ómannúð. Palestínumenn búa við kúgun Ísraelsmanna alla daga ársins. Og þegar her Ísraels gerir loftárásir á Gaza getur enginn sloppið, enginn getur flúið í öruggt skjól.“

Ríkisstjórn Íslands og utanríkisráðherra hljóta að fordæma þessar árásir Ísraels á Palestínu – ríki sem Ísland hefur viðurkennt. ■

„
Morðárás
sem einn af
öflugustu
herjum
samtímans
gerir á inni-
lokað og
vopnlaust
fólk er ekki
deila eða
átök.“

Skilaboð mín frá Hiroshima



António Guterres
aðalframkvæmda-
stjóri Sameinuðu
þjóðanna

Síðastliðinn laugardag stóð ég stoltur við hlið Fumio Kishida, forsætisráðherra Japans og íbúa Hiroshima á minningarathöfn um fordæma-
lausar hamfarir.

Fyrir sjötiú og sjö árum var kjarnorkusprengjum varpað á íbúa Hiroshima og Nagasaki.

Tíu þúsund konur, börn og karlar voru drepin á augabragði, fuðruðu upp í vítislogum. Byggingar umbreyttust í ryk. Fallegar ár borganna voru litaðar blóði.

Þeir sem lifðu af glímdu við bölvun geislavirkni, og látlaus veikindi auk þess að búa við smán vegna kjarnorkuárásarinnar.

Ég naut þess heiðurs að hitta hóp eftirlifenda, svokallaðra hibakusha, en þeim fer óðum fækkandi. Þau sögðu mér frá einstökum hetjudáðum sem þau urðu vitni að þennan skelfilega dag 1945.

Það er kominn tími til að veraldarleiðtogar öðlist sömu glöggskyggni og hibakusha-fólkið og viðurkenni hið sanna eðli kjarnorkuvopna. Þau þjóna engum tilgangi. Þau munu ekki tryggja öryggi eða vernd. Í eðli sínu geta þau einungis valdið dauða og eyðileggingu.

Þrír fjórðu hlutar aldar eru liðnir frá því sveppalöguð skýin mynduðust fyrir ofan Hiroshima og Nagasaki. Á þessum tíma hefur mannkynið þraukað tíma kalda stríðsins, og áratugi af fáránlegum línudansi. Nokkrum sinnum hefur mátt minnstu muna að mannkynið yrði geryðingu að bráð.

En jafnvel á meðan á fimbul-



vetri kalda stríðsins stóð, sömdu kjarnorkuveldin um verulega fækkun í kjarnorkuvopnabúrum sínum. Almennt samkomulag var um meginsjónarmið um notkun þeirra, útbreiðslu og tilraunir með kjarnorkuvopn.

Í dag er hættu á að við séum að gleyma lærdómunum frá 1945.

Nýtt vopnakauphlaup er að færast í aukana og ríkisstjórnir verja hundruðum milljarða Bandaríkjadala til að uppfæra kjarnorkuvopn sín. Nærri 13 þúsund kjarnorkuvopn eru nú í vopnabúrum um allan heim. Deilur færast í vöxt, þar sem kjarnorkuvopn eru undirtönn, frá Mið austurlöndum til Kóreuskaga, að ógleymdri innrás Rússlands í Úkraínu.

Enn einu sinni er mannkynið að leika sér með hlaðna byssu. Við erum einum mistökum, einum mis-
skilningi frá dómsdegi.

Leiðtogum ber að hætta að berja að dyrum dómsdags og fjarlægja möguleikann á notkun kjarnorkuvopna í eitt skipti fyrir öll.

Það er óásættanlegt að ríki sem búa yfir kjarnorkuvopnum skuli viðurkenna möguleikann á kjarnorkustriði því slíkt myndi hafa í för með sér endalok mannkyns.

Að sama skapi ber kjarnorkuríkjum að skuldbinda sig til að vera ekki fyrst til að grípa til slíkra vopna. Þeim ber einnig að fullvissa þau ríki sem ekki búa yfir slíkum vopnum, um að þau muni hvorki nota né hóta að nota kjarnorku-



Tíu þúsund konur, börn og karlar voru drepin á augabragði, fuðruðu upp í vítislogum.

vopn gegn þeim og vera fullkomlega gegnsæ að öllu leyti. Hótunum verður að linna.

Þegar upp er staðið er aðeins ein lausn á kjarnorkuvánni: Að kasta kjarnorkuvopnum fyrir róða. Þetta þýðir að nýta þarf hvern einasta vettvang viðræðna, stjórnarerindreksturs og samninga til að draga úr spennu og eyðileggja þessi banvænu geryðingarvopn.

Við sjáum jákvæð teikn á lofti í New York þar sem tíunda endurskoðunarráðstefna Samningsins um takmörkun útbreiðslu kjarnorkuvopna stendur yfir. Samningurinn er ein ástæða þess að kjarnorkuvopnum hefur ekki verið beitt síðan 1945. Hann felur í sér skuldbindingar um kjarnorkuafvopnun. Hann getur reynst þungur á metunum í baráttunni fyrir afvopnun, einu leiðarinnar til að eyða þessum skelfilegu vopnum í eitt skipti fyrir öll.

Og í júní hittust aðilar samningsins um bann við kjarnorkuvopnum í fyrsta skipti til að þróa vegvísi í átt til veraldar sem er laus við þessar vítisvélar.

Við getum ekki lengur samþykkt tilvist vopna sem ógna framtíð mannkyns.

Það er tími til kominn að taka undir boðskap hibakusha fólksins: „Aldrei fleiri Hiroshima! Aldrei fleiri Nagasaki“

Tími útbreiðslu friðar er kominn. Í sameiningu getum við, skref fyrir skref, fjarlæggt þessi vopn af yfirborði jarðar. ■



Öll fjölskyldutjöld á 30% afslætti

Tilboðsdagar



Vango Osiris 500
5 manna fjölskyldutjöld
99.995,- 69.997,-



Vango Stargrove 600 XL
6 manna fjölskyldutjöld
129.995,- 90.997,-



Vango Winslow 500
5 manna fjölskyldutjöld
69.995,- 48.997,-



Vango Joro 450
4 manna fjölskyldutjöld
114.995,- 80.497,-





Richard Nixon var forseti Bandaríkjanna en sagði af sér fyrstur forseta vegna Watergate-hneykslisins.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Þetta gerðist: 9. ágúst 1974

Nixon segir af sér

Richard Milhouse Nixon Bandaríkjaforseti þurfti að segja af sér á þessum degi árið 1974. Nixon bar sigur úr þytum í forsetakosningunum árið 1968 og tók við embætti forseta Bandaríkjanna fyrir hönd Repúblikana 20. janúar 1969. Hann hafði gegnt stöðu varaforseta Bandaríkjanna fyrir flokkinn á árunum 1953 til 1961, en hafði áður tapað naumlega fyrir John F. Kennedy í forsetakosningunum árið 1960. Nixon var í upphafi ferils vinsæll í embætti en þurfti að segja af sér árið 1974 vegna yfirvofandi þingsákeru í tengslum við Watergate-hneykslið. Það mál snerist um tengsl Nixons við njósnir á kosningaskrifstofu Demókrata-flokksins. Nixon varð þar með fyrsti forseti Bandaríkjanna sem hefur þurft að segja af sér. ■

Með fjölmörg járn í eldinum

Norðurlandamótið í eldsmiði fer fram á Akranesi um helgina en forsvarsmenn mótsins hugsuðu um að færa mótið að eldgosinu enda hefði það vakið heims-athygli. Veðrið kom í veg fyrir þann gjörning.

benediktboas@frettabladid.is

„Við vorum að spá í að færa mótið upp að eldstöðinni en veðrið er bara ekki nógu gott. Það gæti vakið smá athygli,“ segir Guðmundur Sigurðsson, formaður íslenskra eldsmiða, en um helgina fer fram Norðurlandameistaramót í eldsmiði á Akranesi.

Mótið fer fram á byggðasafninu og koma keppendur og dómarmenn frá Íslandi, Finnlandi, Noregi, Svíþjóð og Danmörku í öllum keppnisgreinum. Helstu markmið eru að viðhalda áhuga og þekkingu á hinu forna handverki á Norðurlöndunum og styrkja samstarf eldsmiða. Kappkostað verður að viðhalda gæðum við kennslu og vinnslu.

„Þetta byrjar á föstudag og fólk er að tínast á staðinn í þessum töluðu orðum. Sjá aðstæður og æfa sig aðeins. Á föstudag eru ungir og efnilegir að keppa og á laugardag eru sveinar og liðakeppni. Þá verður smá flugeldasýning að smiða eitthvað hratt og skemmtilegt án þess að meiða sig. Á sunnudag eru svo meistarar að keppa.“

Guðmundur segir að keppnin hafi síðast verið haldin árið 2013 hér á Fróni og þá vantaði Dani. „Við erum með þessu að sýna okkur og sjá aðra. Sýna að við séum til og viðhalda þessu forna handverki.“

Allir keppendur munu fá sama verkefnið, sem er að smiða akkeri. „Það er fimm manna dómarnefnd, einn frá hverju landi og það var farið í alls konar rökraður. Svo kom þetta frá einum að akkerið tengist Íslandi. Skipum og sjávarútvegi, væri tengt landinu og væri veglegt verkefni.“

Guðmundur segir að íslenskir eldsmiðir telji um þúsund manns á Facebook-síðu en færri séu að smiða. „Þetta byrjaði um 2005, þá settum við upp smá safninu og höfum alltaf smiðað á sjómannaþinginu hér á Akranesi. Svo fóru fleiri að koma og þetta vatt upp á sig. Ég fór að keppa 2007 og við sóttum um að halda mótið 2013 og fengum þá veg-



Lið frá Svíþjóð hamrar járneið meðan það er heitt. Lið frá öllum Norðurlöndunum eru komin til landsins til að keppa um helgina á Akranesi.

MYNDIR/GUÐMUNDUR



Therese Engdahl vann mótið síðast þegar það var haldið á Íslandi.

legan styrk frá Menningarráði Vesturlands og smíðuðum 60 fermetra hús þar sem smiðjan okkar er.“

Hann segir að það sé mikil spennan fyrir komandi helgi þar sem allir helstu eldsmiðir Norðurlanda koma saman, meðal annars Beate Stormo, sem smiðaði risastóra kú á Kristnesi í Eyjafirði. „Við höfum verið að reyna að keppa við hana hér á Íslandi en hún er bara miklu betri. Hún er ríkjandi Norðurlandameistari þannig að strákarnir þurfa að fara að æfa sig meira.“

Sjálfur er Guðmundur lærður hljóðfærasmíður og fór á námskeið í eldsmiði hjá Bjarna Kristjánssyni í borginni um aldamótin. Svo hefur það áhugamál undið upp á sig. „Það verða allir velkomnir um helgina upp á Skaga. Þetta verður skemmtilegt,“ segir Guðmundur. ■

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS
www.utfarin.is • Auðbrekku 1, Kópavogi

Sólarhringsvakt: 581 3300 & 565 5892
Komum til aðstandenda og raðum skipulag sé þess óskað



Sverrir Einarsson
S: 896 8242



Jóhanna Eiríksdóttir



Jón G. Bjarnason
S: 793 4455

ÚTFARARSTOFA HAFNARFJARÐAR
www.utfararstofa.is • Dofrahelli 9b, Hafnarfirði



Útfararþjónusta
í yfir 70 ár

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Til að birta andláts-, útfarar- eða þakkartilkynningar í Fréttablaðinu þarf að senda tölvupóst á timamot@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5055.



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,
Emil L. Guðmundsson
Skúlagötu 40, Reykjavík,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi sunnudaginn 7. ágúst.
Útförin verður auglýst síðar.

Jóna Lára Pétursdóttir
Ellen Vestmann Emilsdóttir
Emil Emilsson
Steinunn Baldursdóttir
Guðný Baldursdóttir
Lilja Margrét Hreiðarsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Systir mín og frænka,
Áróra Pálsdóttir
bankastarfsmaður,
Bárugötu 31,

lést á heimili sínu 28. júlí síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Fossvogskapelli fimmfundaginn 11. ágúst kl. 15. Sérstakar þakkir fær Heimahjúkrun fyrir einstaka hlýju og alúð í gegnum árin.

Fyrir hönd fjölskyldunnar,
Björn Pálsson



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Svanhildur Bernharðsdóttir
Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Hlíð Akureyri, áður til heimilis að Viðilundi 20,

lést þann 26. júlí. Sérstakar þakkir til starfsfólks Einihlíðar fyrir hlýja og góða umönnun. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Kristbjörg Fjóra Kjartansdóttir
Margrét Kjartansdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Okkar yndislega,
Sólveig Hlynisdóttir

lést 21. júlí. Útför fer fram frá Grafarvogskirkju fimmfundaginn 11. ágúst kl. 13. Streymt verður frá útförinni á YouTube-síðu kirkjunnar.

Hlynur Bragi Bragason
Sigríður Steingrimsdóttir
Páll Heiðar Hlynsson
Sigríður Pétur Bjarkason
Baldvin Snær Bjarkason
og stórfjölskyldan.



FORLAGIÐ

Alltaf opið á www.forlagid.is

ÞRIÐJUDAGUR 9. ágúst 2022

KYNNINGARBLAÐ



Þeir sem hafa fengið langvarandi Covid hafa lýst ýmsum einkennum eftir vírusinn. **FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY**

Missa bæði hárið og kynhvötina

elin@frettabladid.is

Rannsóknarhópar frá tveimur breskum háskólum hafa tekið saman þau einkenni sem fólk leitaði með til heimilislækna eftir Covid-19. Vísindamennirnir telja sig hafa fundið 62 mismunandi einkenni sem fólk kvartaði yfir eftir langvarandi Covid.

Einkennin eru viðtæk. Meðal þess sem kom mest á óvart var hversu margir sjúklingar segja frá minni kynhvöt, rístruflunum, meltingarvandamálum og hárlösi. Á alþjóðavettvangi eru nú viðamiklar rannsóknir í gangi um hormónaáhrif af Covid-19. Algengustu einkennin sem fólk kvartaði yfir voru lyktar- og bragðleysi, mæði, brjóstverkur og hiti. Einnig hafa komið upp alvarleg vandamál eins og aukning á hjartavandamálum einum til tveimur mánuðum eftir Covid.

Margt óljóst

„Það er ekki óalgengt að fá auka-verkanir eftir veirusýkingar. Það þekkjum við frá fyrri heimsfaraldri og inflúensusjúkdómum,“ segir Arne Sørås, læknir við háskólasjúkrahúsið í Osló, í samtali við vefmiðilinn forskning.no.

„Hins vegar er ljóst að eftirverkanir af Covid-19 eru viðtækar og einkennin geta bitnað harðar á fólki en við sjáum eftir inflúensu,“ segir Sørås og bætir við. „Við vitum ekki mikið um Covid-19 vírusinn annað en að hann er frábrugðinn öðrum vírusum. Veirur eru ótrúlega ólíkar,“ segir hann. ■

POWERFUL NUTRITION
FROM PLANTSALOE VERA
MELTING & BÓLGUR

Þórunn elskar að nostra kringum sig og útbúa sælkerakræsingar fyrir hvert tækifæri. Takið eftir litabemanu sem fangar augað. Ömmubörn Þórunnar, Vignir Hrafn og Sara Lind, og dóttir hennar Leah Mist, njóta þessara kræsinga á pallinum. Börnin eru öll í fótum frá Bíum bíum, allir í stíl. **FRÉTTABLAÐIÐ/SIGTRYGGUR ARI**

Sælkeranesti sem kætir og gleður

Haustið nálgast og er fallegur árstími þar sem haustlitirnir njóta sín í náttúrunni. Það væri upplagt að taka með sér sælkeranesti í berjamó eða í bíltúr á Reykjanesið. Finna til dæmis fallegan áningarstað þar sem glittir í hið magnaða sjónarspil, eldgosið, sem fangar alla. **2**



Beikonvafðar kokteílpýlsur sem velt hefur verið upp úr tómatsósu hitta í mark hjá yngri kynslóðinni. Þær eru hitaðar á pönnu.



Girnilegar beyglur með Philadelphia-osti, hráskinku, basilíku og tómötum.



Til upplýsingar fyrir þá sem vilja setja upp svona fallett borð þá fékk Þórunn blómin í Blómavali, diskar, serviettur, rör, glös fyrir blóm, krukkur og blómallengjur eru frá Confettisisters og bakkarnir frá Magnolia. Fremst er snakk í bréfpokum.

Sjófn
Þórðardóttir
sjofn
@frettabladid.is

Þórunn Högna, stílisti og fagurkeri með meiru, hefur ávallt gaman af því að hafa fallett í kringum sig og sér fegurðina í hverri árstíð, hátíða- og tyllidögum og viðburðum. Þá fer hún af stað og undirbýr eitthvað dásamlegt, hvort sem það eru kræsingar, umgjörð eða skreytingar.

Missir sig í skreytingum
„Ég hef alla tíð haft gaman af því að nostra í kringum í mig en ástríðan fyrir matar- og kökukræsingum kviknaði fyrir um það bil tíu árum. Og magnaðist upp eftir að ég eignaðist Leuh Mist, þá fór ég alveg alla leið og hef eiginlega síðan þá misst mig í öllum afmælum og öðrum veislum. Ég spái mikið í hvernig ég ætli að stíliseri bæði matinn og annað borðskraut og er alltaf með eitthvað þema. Ég fer bara á flug þegar ég byrja, ég hreinlega elska þetta,“ segir Þórunn.
Þórunn útbjó dásamlegt nesti sem er fullkomið fyrir hvaða pikknikk-ferð sem er þegar metnaðurinn á að vera við völd. „Fyrir þetta pikknikk á pallinum ákvað ég að vera með svart, hvítt og náttúrulegt og allar kræsingar á svörtum bökkum og kökudiskum.“

Nesti í bíltúrinn
Yfir verslunarmannahelgina naut fjölskyldan samverustunda við hlaðborð kræsinga bæði í sveitinni sem og heima við. „Við vorum í sumarbústaðnum okkar, en síðan hittum við stórfjölskylduna í sveitinni okkar á Hörgslandi á Síðu

”Ég spái mikið í hvernig ég ætli að stíliseri bæði matinn og annað borðskraut og er alltaf með eitthvað þema. Ég fer bara á flug þegar ég byrja, ég hreinlega elska þetta.

og nutum saman. Svo þurfti líka að dytta að ýmsu heima og gott að fá svona langa helgi.“
Þórunn segist stundum undirbúa ljúffengt nesti til að njóta, fyrir bíltúrin eða lengri ökuferð en þessa dagana sé það sumarbústaðurinn sem þau nýta sem mest fyrir stundir með kræsingar.
„Við förum ekki oft í „road trip“ núna, en gerðum meira af því áður en við eignuðumst bústaðinn. Þá var ég alltaf með eitthvað nesti í tösku. Oftast nær var stoppað við foss og borðað og notið.“
Þórunn deilir hér með lesendum sælkeranesti sem erfitt er að standa. Hér eru á ferðinni ljúffengir sælkeraréttir sem börnir eru fram á fallegan hátt fyrir bæði auga og munn. Það má með sannri segja að matur sé mannsins megin. ■



Þriggja hæða Nutella-kaka sem bráðnar í munni. Krakkar elska þessa. Hér þarf einungis svampbotna, hægt er að vera með tvo en Þórunn notaði þrjá svampbotna, einn lítra af rjóma, eina krukku Nutella-súkkulaði og skreytti og bragðbætti með jarðarberjum, bláberjum og brómberjum.




Pestó-salat með tómötum, ferskri basilíku og mozzarella-osti.

Fasteignablaðið

32. TBL. 9. ÁGÚST 2022

FASTEIGNIR.FRETTABLADID.IS



heimili

fasteignasala
á traustum grunni

Finnbogi Hilmarsson löggiltur fasteignasali.



Grensásvegur 3 • 2 hæð • 108 Reykjavík • Sími 530 6500 • heimili@heimili.is • heimili.is



Fasteignasalar og nemar

Fold fasteignasala óskar eftir sölufulltrúa til starfa. Fold hefur starfað í áratugi og eru starfsmenn reiðubúnir að vinna með þeim sem eru að stíga sín fyrstu skref sem og reynslumiklum fasteignasölum.

Vinnurými eru vel búin, björt og hugguleg og lagt upp úr góðri samvinnu starfsmanna.

Skilyrði er að umsækjendur séu löggiltir fasteignasalar eða í löggildingarnámi.

Umsóknir sendist á vidar@fold.is



Lóðin í Mjóanesi er mikil náttúruparadís, rétt sunnan megin við Almannagjá og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Paradís við Þingvallavatn

Miklaborg og Jörunn, löggiltur fasteignasali, kynna til sölu Mjóanes, lóð númer 17, í Bláskógabyggð. Lóðin er eignarland sem liggur að Þingvallavatni, þrír hektarar að stærð. Landið er norð-vestanmegin við Miðfell og liggja landamörk fyrir Mjóanes við land Arnarfells, Gjábakka og Miðfells, auk kennileita til austurs, á milli Miðfells og Arnarfells.

Mjóanes er sumarbústaðaland í mikilli náttúruparadís, landið er lyngi og kjarri vaxið, þar sem vatnið hefur mikil áhrif á upp-lifunina. Norðanmegin gefur að líta Arnarfell, Botnssúlur, Búrfell, Ármannsfell og Hrafnabjörg, svo eitthvað sé nefnt. Þjónustumiðstöð á Þingvöllum er í tólf kílómetra fjarlægð.

Aðkoma að lóðinni í Mjóanesi er frá Þjóðvegi 36. Kostur er hversu vegalengdin er stutt til að komast í mikla nálægð við náttúruna, um 40 kílómetrar eða einungis um 45 mínútna akstur. Landið er rétt sunnan megin við Almannagjá og Þjóðgarðinn á Þingvöllum.

Jörðin er þakin mosa- og grasi-vöxnu hrauni, nema þar sem hliðar Miðfells rísa upp af henni. Á nesinu sjálfu eru slétt tún yfir hrauninu. Landið hallar lítillaga og er nokkuð jafnhallandi frá austri til vesturs, í átt að Þingvallavatni, ef frá eru taldir hliðar Miðfells til suðurs. Fuglalíf er mikið og fjölbreytt, bæði á landi og legi.

Svæðið er tilvalið til útivistar og möguleikar til gönguferða góðir. Siglingar á Þingvallavatni eru sömuleiðis tilvaldar. Góð silungs-



Lóð númer 17 í Mjóanesi er þrír hektarar að stærð, með gríðarfagurt útsýni.

» Þetta er einstakt tækifæri til að eignast eignarland á þessum einstaka stað. Svæðið er tilvalið til útivistar og eru möguleikar til útivistar góðir.

veði er í vatninu og hægt að fá veiðileyfi. Golfvelli eru víða, svo sem á Selfossi, í Hveragerði og Kiðabergi. Hestaleigur eru einnig víða í nágrenninu, og sundlaugar á Ljósafossi, Selfossi, Laugarvatni, í Hveragerði og víðar.

Núverandi deiliskipulag gerir ráð fyrir nítján lóðum. Samtals eru frístundabyggðarlóðir 534.000 fermetrar. Byggingarskilmálar eru að hús skuli að jafnaði ekki vera stærri en 220 fermetrar að grunnfleti og ekki minni en 30 fermetrar. Að auki er heimilt að byggja auka-hús, svo sem verkfærageymslu, allt að 30 fermetra á hverri lóð.

Hnit eru: N.64.1795 / E. -21.0732

Óskað er eftir tilboði í eignina. Þetta er einstakt tækifæri til að eignast eignarland á þessum einstaka stað. ■

Allar nánari upplýsingar veitir Jörunn, löggiltur fasteignasali, í síma 845 8958 og á netfanginu jorunn@miklaborg.is

Atvinnublaðið

— Mest lesna atvinnublað Íslands —



FINNDU RÉTTA STARFSKRAFTINN

Beinn sími: 550 5625

Sölufulltrúar:

Hrannar Helgason, hrannar@frettabladid.is

Arna Rut Kristinsdóttir, arnarut@frettabladid.is

Starfandi í 40 ár – 1982-2022

Ásland - Hafnarfjörður

Höfum fengið til sölumeðferðar stórglæsilegt 350 fermetra einbýlishús á tveimur hæðum á vel staðsettri lóð með fallegu útsýni í Áslandi í Hafnarfirði.

Allar nánari upplýsingar veitir Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali í netfanginu gtj@fastmark.is

Fróðáping – Kópavogi.



- Vel skipulagt einbýlishús við Fróðáping nr. 3 í Kópavogi. Húsið er byggt árið 2008 og er einstaklega rúmgott fjöl-skylduhús þar sem gert er ráð fyrir að hægt sé að útbúa aukaíbúð.
- Eignin stendur á 750,0 fermetra lóð sem er frágengin að mestu með tyrðum flötum, fallegum hlöðnum veggjum og skjólsælli viðarvernd á baklóð með heitum potti.
